



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,  
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 10. maí 2021

Ágæta samverkafólk.

Hér er um að ræða bréf númer 25 sem ég sendi ykkur í ljósi breytinga á reglum um samkomutakmarkanir frá því að veiran skæða hóf innreið sína í samfélag okkar. Þetta rúma ár er búið að vera lærdómsríkt og viðburðarríkt, en nú sjáum við vonandi sólina rísa í þessum efnum þar sem fjölgar stórum í hópi þeirra sem fengið hafa bólusetningu.

Heilbrigðisráðherra hefur gert breytingar á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, sem gildir frá deginum í dag til 26. maí. Reglugerðina í heild má nálgast hér: [Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar 10. maí.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Almenna reglan um samkomutakmarkanir er nú rýmkuð í 50 manns og nú er **allt að 150 manns** heimilt að vera viðstaddir athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga og sviðslistar-, menningar- og íþróttaviðburði, ráðstefnur, fyrirlestra eða sambærilega viðburði, **að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:**

1. Allir gestir séu **sitjandi** og ekki andspænis hver öðrum.
2. Allir gestir séu **skráðir**, a.m.k. nafn, kennitala og símanúmer. Skráin skal varðveitt í tvær vikur og eytt að þeim tíma liðnum.
3. Allir gestir noti **andlitsgrímu** nema þegar neytt er drykkjar- eða neysluvöru.
4. Tryggt sé að fjarlægð milli ótengdra gesta sé a.m.k. **1 metri**.
5. *Áfengisveitingar séu ekki heimil.*
6. Skipuleggjendum viðburða er skylt að tryggja þegar gestir eru ekki í sætum, svo sem fyrir og eftir viðburð og í hléi, að ekki komi fleiri saman en 50 manns og virt sé 2 metra nálægðartakmörkun milli ótengdra aðila.
7. Þrátt fyrir að heimilt sé að hafa hlé á viðburðum skal biðja gesti um að halda kyrru fyrir í sætum sínum.
8. *Sala eða boð um veitingar er ekki heimil í hléi.*

Leturbreytingar eru mínar, þar sem sumt af skilyrðunum á meira við hjá okkur, en annað.

Um leið og ég fagna því að tilefni er nú til þessara tilslakana, fagna ég jafnframt því að hinn kirkjulegi vettvangur skuli njóta sömu meðferðar hjá heilbrigðisráðherra og sviðslistar-, menningar- og íþróttastarfsemi og annað það sem talið er upp í 3. grein reglugerðarinnar. Það ber að mínu mati vott um aukinn skilning á stöðu kirkjunnar og mikilvægi hins trúarlega í mannlífinu.

**Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra varðandi hinar persónulegu sóttvarnir og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:**

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla sameiginlega snertifleti milli athafna.
- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.
- Allt starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma hugi að sér og haldi sig heima.

Ég vil svo enn á ný hvetja ykkur til dáða á þessum skrýtnu tímum. Ég er þakklát fyrir ykkur kæra samverkafólk, bænir ykkar og æðruleysi, dugnað og elju.

*Nú strýkur vorið völl og dal  
svo vökna brár í fjallasal.  
Nú lifna grös um laut og börð  
sjálft lífið vekur freðna jörð.*  
(Sálmabókin 946:1, höf: séra Kristján Valur Ingólfsson)

Guð blessi ykkur í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.